

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 296/2015

2017/EES/64/02

frá 11. desember 2015

## um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1310 frá 28. júlí 2015 um breytingu á I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB að því er varðar sjúkdómalausna stöðu alls yfirráðasvæðis Króatíu með tilliti til skjónakarpaherpesveiki <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1356 frá 4. ágúst 2015 um breytingu á ákvörðun 2007/453/EB að því er varðar stöðu Kýpur, Tékklands, Frakklands, Liechtenstein og Sviss <sup>(2)</sup> með tilliti til kúariðu.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 89. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/177/EB) í hluta 4.2:

„- **32015 D 1310:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1310 frá 28. júlí 2015 (Stjtið. ESB L 200, 30.7.2015, bls. 17).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við í 49. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB) í hluta 7.1:

„- **32015 D 1356:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1356 frá 4. ágúst 2015 (Stjtið. ESB L 209, 6.8.2015, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) nr. 2015/1310 og (ESB) nr. 2015/1356, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 200, 30.7.2015, bls. 17.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 209, 6.8.2015, bls. 5.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Sletnes***

formaður.